



Fréttatilkynning

13 July 2022 16:45:00 GMT

S&P staðfestir BBB/A-2 lánshæfiseinkunn Arion banka til lengri og skemmri tíma með stöðugum horfum

Mat S&P byggir á þeirri skoðun að betri arðsemi Arion banka styðji við getu bankans til að takast á við afleiðingar mögulegar hóflegar verðleiðréttingar á húsnæðismarkaði. S&P gerir einnig ráð fyrir því að bankinn standi af sér samkeppni frá lífeyrissjóðum á húsnæðislánamarkaði, ef til hennar kemur.

Þá eru stöðugar horfur í takt við væntingar S&P um að eiginfjárgrunnur Arion banka verði áfram mjög sterkur og að arðsemi haldist áfram góð á næstu tveimur árum og verði ívið hærri en hjá samkeppnisaðilum. Vaxtamunur og þóknanir hækki frá því lágmarki sem náð var í heimsfaraldrinum og útlánatöp lækki niður í um 0,30% útlána. Að auki gerir S&P ráð fyrir því að hægt verði að halda kostnaði í skefjum þrátt fyrir mikla verðbólgu þar sem bankinn muni áfram þjóna flestum viðskiptavina sinna með stafrænum hætti.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468, eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[S&P staðfestir BBB/A-2 lánshæfiseinkunn Arion banka til lengri og skemmri tíma með stöðugum horfum](#)

[RatingsDirect](#)

[IcelandicBankRatingsAffirmedAsRisksShiftAmidHighHousePricesAndRisingRatesOutlooksStable 52102341 Jul 14 2022](#)